

Fundargerð

23. fundar í Erfðanefnd landbúnaðarins
Keldnaholti, 14. október 2015 kl. 13:00 – 15:00

Mættir: Emma Eyþórsdóttir (EE) formaður, Áslaug Helgadóttir (ÁH), Trausti Baldursson (TB), Leo Alexander Guðmundsson (LAG), Samson B. Harðarson SBH), Ásthildur Skjaldardóttir (ÁS) (varam. Jóns Viðars Jónmundssonar), Þróstur Eysteinnsson (ÞE) (var í símasambandi) og Baldur Sigmundsson (vék af fundi eftir 2. dagskrárlið)

Auk þess sat fundinn Birna Kristín Baldursdóttir (BKB), og ritaði fundargerð.

EE setti fundinn og bauð Baldur Sigmundsson lögfræðing hjá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu velkomin og einnig nýja erfðanefnd. Hún kvaðst hafa tekið að sér formennsku í nefndinni fram á vor, eða þar til ný nefnd verður skipuð.

1. Samþykkt dagskrár

Dagskrá var samþykkt án athugasemda.

2. Starfssvið erfðanefndar landbúnaðarins

Rætt var um starfssvið erfðanefndar og hvort nefndin eigi að vera umsagnaraðili vegna innflutnings á dýrum sem nefndin hefur ekki sérþekkingu á. Baldur benti á að samkvæmt 5. gr. laga nr. 54/1990 um innflutning dýra ber erfðanefnd að svara þeim erindum sem til hennar berast. Í lögnum er sérstaklega tekið fram að leita beri umsagnar nefndarinnar og á meðan þessi lög eru í gildi beri að fara eftir þeim. Hvernig nefndin svara erindunum er svo aftur á móti undir nefndinni sjálfri komið. Fram kom að tegundir sem ekki eru nýttar í landbúnaði geta haft áhrif á tegundir sem nýttar eru í landbúnaði. EE spurði Baldur hvers vegna erfðanefnd hefði ekki fengið til umsagnar reglugerð um innflutning á erfðaeftni holdanautgripa. Baldur benti nefndarmönnum á að samkvæmt 3. gr. reglugerðar 850/2015 segir:

„Óheimilt er að flytja inn djúpfryst erfðaeftni holdanautgripa til landsins nema með leyfi Matvælastofnunar og að fenginni umsögn fagráðs í nautgriparækt.“

Baldur taldi skýrt samkvæmt þessu að Matvælastofnun veitir leyfi til innflutnings og fagráð í nautgriparækt er eini aðilinn sem þarf að gefa umsögn samkvæmt reglugerðinni. Varðandi umsagnir um þingmál þá er öllum frjálst að senda nefndum skriflega umsögn og hefur slík umsögn sömu stöðu og þær sem berast samkvæmt beiðni nefndar. Ákvörðun um hverjum skuli send þingmál til umsagnar er tekin á nefndarfundi og er venjan sú að verða við öllum óskum sem fram koma um umsagnaraðila frá nefndarmönnum. Það er því ekki lagaleg skylda að senda þingmál til umsagnar nema það sé tekið fram í lögum. ÞE vildi fara þess á leit við atvinnuveganefnd að erfðanefnd landbúnaðarins yrði bætt á lista þeirra sem óskað er umsagna frá varðandi mál sem snerta erfðaaudlindir í landbúnaði. Baldur vék af fundi.

3. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð frá 22. fundi var samþykkt.

4. Staða mála frá síðasta fundi

- a. Safnað sæði úr 7 geithöfrum í desember 2014. Þá hefur verið safnað rúmum 1400 skömmtum í allt og nýting þess um 600 skammtar. Verkefnið var fjármagnað með sérstöku framlagi frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti. Útflutningur á sæði til Bandaríkjanna voru 100 skammtar árið 2010 og 200 skammtar hafa verið pantaðir af sömu aðilum í Bandaríkjunum sem áætlað er að verði fluttir út 2015. Sala á sæði gerir kleift að halda áfram að safna sæði og byggja undir sæðisbanka fyrir geitfé. Nokkrir aðilar eru að hugsa um að sæða í haust og undirbúningur er kominn af stað.
- b. Sótt var um 3 milljónir í styrk í Framleiðnisjóð vegna gagnagrunns fyrir skýrsluhald um geitur. Veittur styrkur var 2 milljónir, sem ætti að fara langt með að klára grunninn sem verður tengdur sauðfjárgagnagrunni Bændasamtakanna, Fjárvís. Áætlað að hann verði tilbúinn í janúar 2016.
- c. Í Hornafirði er geitahópur sem virðist ekki hafa verið getið um í kringum 1960 þegar stofninn var sem minnstur. Nú eru þær geitur m.a. í Lækjarhúsum og eru um 40 talsins en til stendur að farga í haust, þar sem ábúendur eru að bregða búi. Er þetta annar stærsti hópurinn á eftir Háafellsgeitum. Til stendur að fara í Hornafjörðinn og sækja geithafrá og taka úr þeim sæði til að frysta. Annar hópur sem fargað verður í haust er á Þorbergsstöðum en þar eru 20 geitur, ábúandi er að hætta vegna aldurs.
- d. Dagur kýrinnar var haldinn 13. júní. Haldin voru þrjú erindi um sögu nautgriparæktarinnar (Magnús B. Jónsson), um afurðavinnslu fyrir og nú (Þórarinn E. Sveinsson) og landnámskúna, stöðutákn og fórnardýr (Albína H. Pálsdóttir). Léleg mæting var á málþingið og virðist ekki vera það form sem trekkir að fólk að.
- e. Beiðnir bárust um umsagnir frá ANR vegna innflutnings á frjóeggum fræhæna, smáostrum, þráðormum, ránvespum, smáuglum og kóngakrabba
- f. Starfsmaður erfðalindaseturs sótti tvo fundi í húsdýrahóp Nordgen í apríl og í september.
- g. Ólafur Dýrmondsson hætti störfum vegna aldurs um áramót og hafa verkefni færst til setursins, þátttaka í ERF (ERFP er samstarfsvettvangur í Evrópu sem sér m.a. um að styðja við framkvæmd áætlunar FAO um verndun erfðaeftnis búfjár og heldur utan um skráningar búfjárkyrja í samræmdan gagnagrunn (EFABIS-net)). Gjald vegna þátttöku í þessu samstarfi hefur ekki verið greitt fyrir 2015 og var bréf sent til ráðuneytisins vegna þess 11. mars, og ítrekað 15. apríl. Ekki hefur borist svar.
- h. Litaveggspjald fyrir geitur og hænur komið út hjá Bændasamtökum Íslands. Veittur var styrkur vegna þessa verkefnis árið 2010.
- i. Ekki hafa borist skýrslur frá ábyrgðarmönnum RML í sauðfjárrækt og hrossarækt þrátt fyrir ítrekanir.
- j. Grein um forystufé á Íslandi birtist í Náttúrufræðingnum 85.ágr. 3.-4. hefti, 2015, höfundar eru Jón Viðar Jónmundsson, Lárus G. Birgisson, Sigríður Jóhannesdóttir, Emma Eypórsdóttir, Þorvaldur Kristjánsson og Ólafur R. Dýrmondsson.

5. Rekstur og áætlunargerð

Lagt var fram uppgjör ársins 2015 (1.1. til 29.9 2015) ásamt drögum að áætlun fyrir 2016.

Inneign í byrjun árs 2015 var kr. 5.971.464 , þar af var framlag á fjárlögum 2015 kr. 4.400.000 og gjöld alls 4.442.381 kr., inneign í lok september var kr. 1.529.083. Þar af eru kr. 487.500 bundnar í ógreiddum lokagreiðslum styrkja. Drög að áætlun fyrir árið 2016 voru lögð fram. Framlag til nefndarinnar verður óbreytt frá árinu áður eða kr. 4.400.000. Til ráðstöfunar eru þá kr. 5.929.083. Stofnverndarframlag til verndunar geitfjárstofnsins verður kr. 1.800.000 og 2.500.000 kr. vegna verksamnings við erfðalindasetur. Samþykkt var að fella niður eftirstöðvar allra styrkja að upphæð kr. 487.500. og verður þá samkvæmt drögum að áætlun óráðstafað eigið fé 31.12 2016 kr. 1.629.083.

6. Umsagnir um innflutning á ostrum og rauðum kóngakrabba

Rætt var um umsagnir vegna umsóknar frá Fjarðarskel ehf um innflutning á smáostrum (ungviði) til áframhaldandi ræktunar á risaostrum (*Crassostrea gigas*) frá Frakklandi og umsóknar frá Eldisrannsóknnum ehf um heimild til innflutnings á rauðum kóngakrabba (*Paralithodes camtschaticus*) frá Noregi. Samkvæmt þeim gögnum sem nefndinni bárust um fyrirhugaðan innflutning taldi erfðanefnd landbúnaðarins að framangreindar tegundir falli ekki undir verksvið/hlutverk nefndarinnar og tók nefndin þ.a.l. ekki ákveðna afstöðu til umsóknanna.

7. Umsókn um styrk vegna húsdýraveggspjalda

Rætt var um bréf sem nefndinni barst frá Tjörva Bjarnasyni sviðstjóra kynningar- og útgáfumála hjá Bændasamtökum Ísland þar sem óskað var eftir styrk upp á kr. 600 þús. vegna útgáfu veggspjalda af geitum og hænum. Fjárframlög til nefndarinnar hafa lækkað mjög á undanförunum árum og hefur nefndin því ekki veitt neina styrki eins og staðan er og var því beiðninni hafnað.

8. Erlent samstarf

- a. AH: Hugsanleg breyting á Kalmarsamþykkt i framhaldi af Nagoya samþykkt.
- b. TB: Aðilar að Bernarsamningi um verndun dýra, plantna og búsvæða þeirra, snýr að villtri náttúru og lífríkisvernd á norðurslóðum (CAFF), Náttúrufræðistofnun hefur átt fulltrúa þar.
- c. LAG: Nordcharr verkefni sem veiðimálastofnun leiðir um áhrif loftslagsbreytinga á náttúruauðlindir á Norðurlöndum. Rannsóknin beinist aðallega að bleikju en vísbendingar eru um að hlýnun geti haft mikil áhrif á útbreiðslu, líffræði og viðgang tegundarinnar. Til stendur að merkja eldislaxa með stöðugum isotópum í kvarnir, einstaklingsmerki, þannig að hægt verði að þekkja eldislaxa sem ganga upp í árnar.
- d. SBH: Hafa verið vandræði með viðhald aldintrjáa hjá Nordgen. Alheimsráðstefna um rósir haldin í Kaupmannahöfn 2018, valdar rósir frá ýmsum löndum.
- e. ÞE: Nordgen skógur, halda eina ráðstefnu á ári og tvo þemadaga. Þemadagar um trjákyrbætur voru haldnir í Borgarnesi 11.-12. mars 2015. Erlendir gestir lentu í miklum vandræðum vegna ofsaveðurs sem gekk yfir landið. Þemadagar í Tønsberg, Noregi í október um lauftré. Norðurlönd og Eystrasaltlönd með ráðstefnu í Riga í september 2015.

9. Önnur mál

- a. Rætt um hvað er hægt að gera til að vekja athygli á nefndinni. Vera með á Hvanneyrarhátíð í júlí sem er vel sótt. Vera með mismunandi dýr, kartöflur ofl. til að vekja áhuga fólks á erfðauðlindum.

- b. Skrifa atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti bréf og benda á nauðsyn þess að fjárveiting til nefndarinnar verði sér liður á fjárlögum.
- c. Rætt var um plöntur í garða og skógrækt, að skilgreina þyrfti tegundir sem settar eru á markað héraðs.

10. Næsti fundur

Ákveðið var að næsti fundur verði haldin í mars-apríl 2016